

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 82/2022

2022/EES/45/37

frá 18. mars 2022

um breytingu á XX. viðauka við EES-samninginn (Umhverfismál)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/941 frá 10. júní 2021 um sérstakt verklag til að auðkenna þung ökutæki sem eru vottuð sem atvinnu-ökutæki en eru ekki skráð sem slík og til að leiðrétta árlega, sértæka meðalkoltvísyringslosun framleiðanda til að taka þessi ökutæki með í reikninginn ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð (ESB) 2019/1242 gildir ekki gagnvart Liechtenstein í krafti ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021.
- 3) XX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 21azkc (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1430) í XX. viðauka við EES-samninginn:

„21azkd. **32021 R 0941**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/941 frá 10. júní 2021 um sérstakt verklag til að auðkenna þung ökutæki sem eru vottuð sem atvinnu-ökutæki en eru ekki skráð sem slík og til að leiðrétta árlega, sértæka meðalkoltvísyringslosun framleiðanda til að taka þessi ökutæki með í reikninginn (Stjtíð. ESB L 205, 11.6.2021, bls. 77).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/941, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 19. mars 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi farið fram ^(*), eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 396/2021 frá 10. desember 2021 ⁽²⁾, eða á gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 398/2021 frá 10. desember 2021 ⁽³⁾, eftir því hvor dagsetningin er síðar.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 205, 11.6. 2021, bls. 77.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽²⁾ Verður birt.

⁽³⁾ Verður birt.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.